

Fyrirtækjapjónusta

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 14. september 2022

Kynningar: ELKO, Múlalundur, YAY



Öruggur búnaður fyrir fjarvinnu

Fyrirtækjapjónusta ELKO býður upp á heildarlausnir fyrir fyrirtæki og getur sérsniðið lausnir fyrir minni sem stærri fyrirtæki þar sem viðskiptavinir hafa aðgang að persónulegri þjónustu og tilboðsgerð sem mætir þeirra þörfum.

Stefán Pétur Kristjánsson, fyrirtækjaraðgjafi ELKO, segir mikilvægt að fyrirtæki geti treyst því að starfsmenn séu með öflug en örugg tæki í heimavinnu.

MYND/ADSEND

Fyrirtækjapjónusta ELKO sér um að finna réttu lausnirnar, hvort sem um er að ræða heimilistæki, tölvubúnað, skjá/sjónvarps-lausnir og allt þar á milli.

Stefán Pétur Kristjánsson, fyrirtækjaráðgjafi ELKO, segir að það sé orðið vinsælla að vinna að hluta til eða alfarið að heiman og því mikilvægt að fyrirtæki geti treyst því að starfsmenn séu með öflug en örugg tæki í þessu nýja vinnuumhverfi. Vinnuveitendur þurfa að geta treyst því að starfsfólk sé með örugg tæki þegar þau eru mögulega notuð til að tengjast inn á mörg mismunandi net með misgóðar varnir gegn netóværum.

Öruggar vinnutölvur

Stefán Pétur segir að nýju tölvurnar frá Samsung henti alveg einstaklega vel í því vinnuumhverfi sem við erum í nú til dags og heldur áfram: „Samsung kynnti nýlega tvær nýjar fartölvur til leiks, þá annars vegar Galaxy Book2 Pro og hins vegar Galaxy Book2 Pro 360 sem er með snertiskjá sem hægt er að nota með S-penna. Báðar vélarnar eru einstaklega vel hannaðar og uppfylla allar þær kröfur sem nútíma fartölvunotendur krefjast. Galaxy Book2 línan er þunn, stílhrein og létt sem gerir hana meðfærilega og svo býður hún upp á Wi-Fi 6E til að auka afkastagetu enn frekar. Rafhlöðuendingin er stórkostleg, allt að 21 klukkustund í notkun, en svo fylgir einnig USB-C hraðhleðslutæki sem einnig virkar á Samsung-farsíma, eitt hleðslutæki fyrir öll þín tæki. Möguleiki er á að sérpanta þessar vélar í 5G-útgáfu sem býður þá upp á nettengingu hvar og hvenær sem er, án þess að þurfa að reida sig á hot spot-tengingu við síma,“ útskýrir hann.

„Það er markmið hjá Samsung að bjóða ekki aðeins upp á bestu tækni sem völ er á heldur einnig upplifun sem einfaldar okkur daglegt líf og hjálpar okkur að leysa verkefni á einfaldan og skilvirkan hátt. Við lifum á tímum þar sem samskipti, þægindi og einfaldleiki skiptir miklu máli og Book2 Pro vélarnar eru hannaðar með það að leiðarljósi. Þær eru vel hannaðar, léttar og öflugar og henta einstaklega vel í þennan heim, þar sem allir eru tengdir og mikið á ferðinni.“

Stefán Pétur útskýrir að Galaxy Book2 línan sé útbúin auknum öryggisbúnaði í gegnum Intel vPro og með Intel Hardware Shield er bæði vélbúnaður og hugbúnaður betur varinn gegn árásum og óværum. Með því að fylgjast bæði með BIOS og stýrikerfinu getur Galaxy Book2 hjálpað fyrir-tækjum að halda starfsmönnum og viðkvæmum gögnum öruggum.

Til viðbótar er Samsung með Private Share sem er hannað sérstaklega til að dulkóða og deila gögnum á öruggan hátt milli starfsmanna og til dæmis er hægt að setja inn tímaramma á hvenær gögnin „renna út“. Starfsmenn geta einnig nýtt sér það að skrá sig inn með Samsung-reikningnum sínum og ef þeir skyldu týna vélinni er hægt að skrá sig inn á Samsung SmartThings Find og sjá hvar vélin er stödd í heiminum. Til að setja enn hærri öryggiskröfur er Book2 Pro línan sú fyrsta sem styður kröfur Microsoft um Secure Core tölvur.

Meira fyrir fólk á ferðinni

Galaxy Book2 línan er líka sérstaklega hönnuð með Galaxy-umhverfið í huga og Stefán Pétur segir einfalt að tengjast bæði sínum og aukahlutum, til dæmis Galaxy Buds heyrnartólum, samnýta gögn á milli tækja og deila efni yfir á aðra skjái.

„Galaxy Book Smart Switch



Samsung Galaxy Z Fold4 snjallsíminn er á stærð við hefðbundinn snjallsíma ef hann er lokaður en opinn verður hann að spjaldtölvu sem er tilbúin í öll dagleg verkefni.



Samsung Galaxy Book2 Pro 360 sem er með snertiskjá sem hægt er að nota með S-penna.

einfaldar þér svo að færa gögn, myndir, stillingar og fleira af gömlu tölvunni yfir á nýju Samsung-vélina þannig að skiptin eru einföld og þægileg. Einnig býður Samsung Port tengikvíinn þér einfalda og stílhreina lausn til að tengja til dæmis skjá, lyklaborð, mús, internet og rafmagn við tölvuna,“ segir hann.

„Við erum meira á ferðinni eða meira heimavinnandi en áður, hefðbundið skrifstofustarf hefur breyst mikið undanfarið og kröfur til símtækja einnig. Þetta nýja vinnuumhverfi, blanda af heimavinnu og skrifstofu, kallar á nýjar lausnir og hugsun um hvernig við getum nýtt tækin og tæknina betur í starfi. Og þá skiptir líka miklu máli að huga að öryggi tækja sem við veljum að nota.“

Samkvæmt Stefáni Pétri hefur Samsung verið brautryðjandi í að styðja allar nútíma þarfir, með bæði vélbúnaði og hugbúnaði, síðast sameinað í nýja samannbrjótanlega snjallsímanum Galaxy Z Fold4. „Með Galaxy Z Fold4 færir Samsung þér sveigjanlegan vinnustað með meiri hreyfanleika, frelsi og afkastagetu – með sömu forritum og öryggiskröfum og vinnutölvun. Galaxy Z Fold4 er nýjasta útgáfa frá Samsung á hinum fullkomna sveigjanlega vinnustað, án þess þó að skerða öryggiskröfur eða frammistöðu á nokkurn hátt,“ segir Stefán Pétur og heldur áfram:

„Við hjá ELKO teljum að þig eigi ekki að skorta neitt, jafnvel þegar þú vinnur á ferðinni eða heiman frá. Okkar starf felst í því að bjóða upp á ný tækifæri og brjóta niður takmarkanir fyrri tíma og því vinnum við hörðum höndum að því að bjóða lausnir



Samsung Galaxy Book2 Pro. Þessi lína af tölvum er þunn, stílhrein og létt sem gerir hana meðfærilega. Hún býður upp á Wi-Fi 6E til að auka afkastagetu enn frekar.

sem hjálpa okkar viðskiptavinum inn í framtíðina. Bara vegna þess að heimurinn gerir meiri kröfur um sveigjanleika, þá teljum við að það eigi ekki að gera of miklar málamiðlanir. Þess í stað viljum við skapa ný tækifæri fyrir þig og nýta tæknina til að mæta þessum nútíma kröfum.“

Með Samsung Galaxy Z Fold4 gerir Samsung það enn auðveldara að vera á ferðinni með alla skrifstofuna í vasanum þar sem hægt er að vera tengdur þínu fyrirtæki hvar og hvenær sem er að sögn Stefáns Péturs. „Við vitum að það eru gerðar miklar kröfur til öryggis og sveigjanleika á vinnustað og með Galaxy Z Fold4 færðu það besta úr báðum heimum. Risaskjár, KNOX-öryggi, meiri afköst og möguleikar á að tengjast öðrum skjáum á einfaldan hátt eru allt kostir sem Galaxy Fold4 býður upp á. Við erum að sjá byrjun á byltingu í því hvernig fyrirtæki setja upp sínar skrifstofur og vinnuumhverfi. Ef það er hægt að nýta eitt tæki í stað tveggja eða jafnvel þriggja þá segir það sig sjálft að þetta býður upp á gríðarlegan sparnað fyrir fyrirtæki. Að útvega starfsmanni tæki sem er bæði sími og tölvá sparar mikinn pening í tækjakosti



en einnig upplýsingatæknikostnaði fyrirtækja, sveigjanleikinn eykst og framleiðni einnig,“ segir hann.

Með DeX-lausninni veitir Samsung möguleika á að nýta símtækidið á sama hátt og tölvuna. „Þökk sé Samsung DeX þá getur þú notað símann sem tölvu hvar sem er. Það eina sem þarf að gera

er að tengjast við skjá eða sjónvarp. DeX gerir þér sem sagt kleift að hafa aðgang að tölvu hvar og hvenær sem er án þess að þurfa að taka hana með þér, hvort sem það er heima hjá þér, á ferðalögum eða á fundum úti í bæ. Einnig er hægt að nota þráðlausa mús og lyklaborð í gegnum Bluetooth til að breyta hvaða umhverfi sem er í skrifstofu,“ segir Stefán Pétur og bætir við að Samsung sé í mjög nánu samstarfi við Citrix og Microsoft um hin ýmsu forrit, sem gerir það að verkum að þau virka fullkomlega með DeX. Þetta þýðir að kerfið sjálft skalast upp og niður, allt eftir hvaða skjá þú tengir við símann eða ef þú notar símann sjálfan.

Stefán Pétur segir hægt að tengja símann með snúru við hvaða Windows-tölvu sem er og komast í forritin og gögnin þín – alveg sama þó að þú sért ekki með aðgang að skjá, lyklaborði eða mús. Tölvan sem þú tengist breytist þá í þitt vinnusvæði í gegnum DeX en gögnin þín eru samt sem áður í símanum þínum, algerlega ótengt gögnunum í hinni tölvunni. Þannig getur þú unnið áfram án þess að þurfa að skrá

Samsung Multi-port tengikví er einföld lausn til að tengja saman lyklaborð, mús, internet og rafmagn við tölvuna.

Þig inn á tölvu sem þú þekkir ekki og haldið í öryggiskröfur fyrirtækisins.

Traust og örugg gögn

„Þegar við erum meira á ferðinni, notum farsíma meira við vinnu og erum kannski með viðkvæm gögn í tækjunum þá þarf að huga aðgang að þeim þegar við þurfum á þeim að halda. Samsung Knox tryggir meðal annars að gögnin sem sótt eru á tækidið séu alltaf dulkóðuð. Einnig getur fyrirtækidið fjarlægt viðkvæm gögn úr tækinu ef það eyðileggst eða er stolið, án þess að hafa tækidið í höndunum,“ segir Stefán Pétur og lýsir því að hjá Samsung sé öryggið til staðar frá byrjun.

„Aðalatriðið með KNOX er að það er innbyggt frá upphafi. Þegar þú opnar símann – eða spjaldtölvuna eða úrið – úr kassanum þá er tækidið öruggt. Þú þarft ekki að bæta öryggishugbúnaði ofan á stýrikerfið, það er þegar innbyggt frá upphafi. Þetta lágmarkar hættuna á spilliforritum og að brotist verði inn í tækidið og það er meiri áhætta fólgin í því að bæta við hugbúnaði eftir að tækin hafa verið tekin í notkun.“ ■

Fyrir fyrirtækjapjónustu hafið samband við b2b@elko.is

Stefán Pétur segir að nýju tölvurnar frá Samsung henti alveg einstaklega vel í því vinnuumhverfi sem við erum í nú til dags.

MYNDIR/ÞSENDAR

September tilboð



Skrif- borðsstóll

Enjoy Classic

TILBOÐSVERÐ

124.800 kr.

LISTAVERÐ

179.900 kr.

Stóllinn kemur með
örmum og höfuðpúða



H2 Rafmagns- borð

í mörgum
stærðum og litum
Stærðin skiptir
ekki máli

5 ára
ábyrgð

EITT VERÐ

84.900 kr.

Soft skilrúm 35% afsláttur

Margar stærðir
og mikið magn
til á lager



www.hirzlan.is




RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Verslun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Verkefna- þjónusta Hirzlunnar



- Við komum til þín, mælum og teiknum upp þitt rými, þér að kostnaðarlausu
- Svo færð þú hagkvæmt tilboð frá okkur í verkefnið
- Við getum einnig séð um samsetningu og uppröðun
- Hafðu samband við okkur á hirzlan@hirzlan.is eða í síma 564 5040



Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 - Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is

Góður vinnufélagi er örlátur á hrós og hvatningu



Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

Sálfræðingurinn Reynar Kári Bjarnason segir það allra hag að starfsfólki líði vel á vinnustað. Þar þurfi allir að leggja sig fram til að skapa góðan starfsanda.

„Það er erfitt að segja til um hvernig hinn fullkomni vinnustaður lítur út. Þarfir einstaklinga eru ólíkar þannig að það sama hentar ekki öllum. Við getum þó verið sammála um að góður starfsandi er grunnurinn að góðum vinnustað. Að komið sé fram við alla af virðingu, óháð kyni, aldri, stöðu og uppruna,“ segir Reynar Kári Bjarnason sálfræðingur sem hefur víðtæka reynslu af verkefnum á sviði vinnusálfræði hjá Sálfræðingunum.

Hann segir vinnustaði samanstanda af einstaklingum þar sem hver og einn skipti máli.

„Þegar kemur að samskiptum þurfa stjórnendur að ganga fram með góðu fordæmi. Ef traust ríkir á milli starfsfólks og stjórnenda eru tjáskipti gjarnan opnari og minni hætta á árekstrum í samskiptum. Á góðum vinnustað er skýr verka-skipting þannig að starfsmenn vita til hvers er ætlast af þeim. Allir þurfa líka að finna að framlag þeirra skipti máli fyrir vinnustaðinn og að þeir fái tækifæri til að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri.“

Sálfélagslegt áhættumat skylda

Reynar Kári segir mikilvægt að stjórnendur gripi fljótt inn í þegar upp koma alvarlegir samskipta-örðugleikar og sendi skýr skilaboð um að einelti og ofbeldi verði ekki liðið.

„Vinnustöðum ber að koma sér upp stefnu og viðbragðsáætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Oft getur verið snúið að taka á slíkum málum innanhúss vegna tengsla og því leita atvinnurekendur oft til sálfræðinga og annarra fagmanna þegar upp koma slík mál.“



Reynar Kári segir
rannsóknir sýna
að góð vinnu-
staðamenning
ýti undir ánægju
starfsfólks og
auki afköst.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Samkvæmt vinnuverndarlögum ber atvinnurekendum skylda til að framkvæma sálfélagslegt áhættumat á vinnustaðnum.

„Atvinnurekandi skal fylgjast með vinnuumhverfinu, bera kennsl á hættur sem skapast geta á vinnustaðnum og meta hvaða áhrif þær geta haft á starfsfólkið. Áhættumat er verkfæri sem aðstoðar stjórnendur við að bæta vinnuaðstæður. Sálfélagslegir þættir sem eru til athugunar í slíku áhættumati eru til dæmis vinnutími, samskipti, fjölbreytni verkefna, sveigjanleiki, sjálfstæði,

Samkvæmt vinnuverndarlögum ber atvinnurekendum skylda til að framkvæma sálfélagslegt áhættumat á vinnustaðnum.

stuðningur, einelti og kynferðisleg eða kynbundin áreitni. Mikilvægt er að leita til viðurkenndra fagaðila sem hafa aflað sér réttinda til að framkvæma slíkt mat inni á vinnustöðum, og á heimasíðu Vinnueftirlitsins, vinnueftirlid.is, má sjá lista yfir fagfólk sem sérhæfir sig í slíkri vinnu,“ segir Reynar Kári.

Verum vingjarnleg

Á vinnustað þarf hver og einn starfsmaður að huga að því hvað hann getur lagt af mörkum til að skapa góða liðsheild og vera góður vinnufélagi.

„Ef ég kem í vondu skapi með allt á hornum mér í vinnuna hefur það áhrif á hópinn og sömuleiðis hefur það áhrif á hópinn ef ég kem í góðu skapi, brosi og býð glaðlega góðan daginn. Það eru oft litlu atriðin sem skipta máli þegar kemur að því að skapa góða liðsheild á vinnustað; eins og hvort fólk venur sig á að kasta vingjarnlegri kveðju á vinnufélagana í upphafi og lok dags,“ nefnir Reynar Kári sem dæmi.

Hann segir gagnrýni geta verið jákvæða en einnig niðurbrjótandi.

„Ef gagnrýni er sett fram á hrokafullan og neikvæðan máta hefur hún neikvæð áhrif á starfsandann. Gagnrýni, sem sett er þannig fram að auðheyrt er að borin er virðing fyrir þeim sem verið er að gagnrýna, getur verið til góðs og haft þann tilgang að styðja og leiðbeina. Við gleymum líka oft að hrósa. Góður og uppbyggjandi starfsfélagi er örlátur á hrós og hvatningu við vinnufélagana.“

Nammi og vinnustaðahúmor

Góður vinnuandi er gríðarlega mikilvægur fyrir vinnustaði og

eitt mikilvægasta verkefni stjórnenda, að sögn Reynars Kára.

„Rannsóknir sýna að góð vinnustaðamenning ýtir undir ánægju starfsmanna og eykur afköst. Reglulegar starfsánægjukannanir eru gagnlegt verkfæri fyrir stjórnendur til að fylgjast með ánægju starfsfólks og átta sig á því hvort breytingar og inngrip á vinnustaðnum skila viðeigandi árangri.“

En hvernig er hægt að skapa góðan liðsanda innan fyrirtækja?

„Þó að stjórnendur beri ríka ábyrgð á góðum liðsanda þurfa allir á vinnustaðnum að leggja sig fram. Margir vinnustaðir hafa komið sér upp jákvæðum hefðum og venjum sem eiga þátt í því að skapa góðan liðsanda. Dæmi um slíkar venjur er að hafa eitthvað gott með kaffinu á föstudögum og koma með nammi úr Friðhöfninni þegar komið er heim frá útlöndum. Þá skiptir einnig miklu máli að hafa gaman í vinnunni. Vinnustaðahúmor þjappar fólki saman. Oft er sá húmor einstakur fyrir vissan hóp og utanaðkomandi átta sig kannski ekki á hvað það er sem hópnum finnst svona fyndið,“ svarar Reynar Kári.

Hann bætir við að í könnunum hafi komið fram að jafnvægi á milli vinnu og einkalífs skipti starfsfólk miklu máli.

„Stytting vinnuvikunnar er mikilvægt skref til að auka þetta jafnvægi og sporna við of löngum vinnutíma. Það er vitað að óánægja starfsfólks ýtir undir starfsmannaveltu, fjölgun veikindadaga og almennt meiri kostnað fyrir vinnustaðinn. Starfsfólki líður best þegar það veit til hvers er ætlast af því og fær tækifæri til að ögra sér og sýna hvað í því býr. Regluleg starfsmannasamtöl og endurgjöf um frammistöðu eru mikilvæg til að vekja áhuga og fyrir starfsfólk að sjá að framlag þess skiptir máli. Flestir íslenskir vinnustaðir eru meðvitaðir um hversu mikilvægt það er að hlúa að starfsfólki og skapa öruggt starfsumhverfi þar sem öllum á að geta liðið vel. Á undanförunum árum hafa íslensk fyrirtæki lagt sig fram með markvissari hætti við að auka starfsánægju starfsfólks. Það er allra hagar að starfsfólki líði vel.“ ■

HÆ!

ERTU AÐ FLYTJA?

EKKI VERA PAPPAKASSI

KASSA

LEIGAN

www.kassaleigan.is

Fyrr á árinu runnu saman bókaútgáfan Varmá og Múlalundur vinnustofa SÍBS. Varmá hefur meðal annars gefið út afar vinsælar dagbækur og minnisbækur sem seldar eru víða um land. Með þessu aukast umsvif Múlalundar og ný störf skapast fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu.

„Síðustu ár hefur Múlalundur vinnustofa SÍBS lagt sífellt meiri áherslu á þjónustu við fyrirtæki með umsjón ýmissa verkefna sem fyrirtæki þurfa að láta framkvæma og henta starfsgetu starfsfólks Múlalundar. Einnig hefur sala á áletruðum dagbókum, minnis- og fundabókum aukist verulega,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar.

Varmá bókaútgáfan sameinast Múlalundi

Nú hefur Varmá bókaútgáfa sameinast Múlalundi. „Varmá hefur til fjölda ára gefið út afar vinsælar dagbækur, funda- og minnisbækur. Um er að ræða innbundnar bækur í ýmsum stærðum og litum með og án teygju. Á hverri síðu eru mikilvægar upplýsingar ásamt skemmtilegum málsháttum sem lífga upp á daginn. Við hjá Múlalundi höfum lengi haft þessar veglegu og fallegu dagbækur frá Varmá til sölu hjá okkur, en einnig dagbækur frá öðrum framleiðendum.

Það þekkja líklega flestir þessar bækur í sjón, enda eru þær seldar í þúsundtali á ári hverju í verslunum um allt land. Mörg fyrirtæki kaupa þær fyrir starfsfólkið, og sum láta enn fremur áletra nafn fyrirtækisins og heiti starfsmanns á bækurnar. Það fylgir því töluvert gagnaöryggi að útvega starfsfólki sérmerktar minnisbækur enda minnkar það líkurnar á því að bókin fari á flakk innan fyrirtækisins eða utan. Sum fyrirtæki sem vilja gera vel við kúnnahóp sinn hafa líka keypt dagbækurnar sem gjafir til viðskiptavina,“ segir Sigurður.

Fjölbreytt úrval dag- og minnisbóka

„Nú eru á leið til landsins dagbækur fyrir árið 2023 og eru mörg fyrirtæki þegar byrjuð að panta sína árlegu sendingu. Brynjólfur Schram, sem hefur séð um starfsemi Varmár undanfarin ár, verður okkur til halds og trausts fyrstu árin á meðan við tökum við starfsemi Varmár, svo allt gangi nú smurt fyrir sig. Fyrirtæki geta því komið hingað á Múlalund og keypt sinn árlega skammt af dagbókunum góðu, og enn fremur látið okkur áletra þær. Við verðum að sjálfsögðu með aðrar vinsælar dagbækur til sölu á Múlalundi og bjóðum áfram upp á þann kost að letra á þær einnig. Þau fyrirtæki sem hafa keypt þær dagbækur af okkur munu geta gert það áfram.

Þessi nýja starfsemi Múlalundar mun skapa aukna vinnu fyrir okkar starfsfólk, en eins og margir vita starfa hjá Múlalundi einstaklingar með skerta starfsorku. Starfsemi Múlalundar er mikilvægur hlekkur í því að veita þessum hópi fólks tækifæri til atvinnu og að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.“

Fyrirtækjapjónusta Múlalundar Múlalundur hefur til nokkurra ára boðið upp á ýmsa þjónustu fyrir fyrirtæki og stofnanir. „Við erum sífellt að leggja aukna áherslu á þennan þátt starfsemi okkar, það er, verkefni sem við vinnum fyrir fyrirtæki. Við bjóðum í dag upp á afar fjölbreytta þjónustu sem gerir fyrirtækjum kleift að einblína á reksturinn frekar en handavinnuna. Við framleiðum sérsniðnar vandaðar matseðlakápur fyrir



Varmá rennur inn í Múlalund

veitingastaði, sérmerкта bréfpoka, áletrum á dag- og minnisbækur og margt fleira.

Í mörgum tilfellum sjáum við um strikamerkingar á varningi, einnig pökkum við inn eða endurpökkum, línum upplýsingar eða merkingar á vörur eða pakkningar og margt fleira. Sum fyrirtæki flytja inn vörur og þá þarf oft að strikamerkja þær eða merkja þær með íslenskum leiðbeiningum, sem við gerum með glöðu geði. Einnig höfum við tekið að okkur að raða í umslög ýmsum bæklingum og öðrum varningi til dæmis fyrir bankana, upplýsingabæklingum og fleiru sem fylgir rafmagnshleðslustöðvum og margt fleira.

Þá sjáum við um frágang pantana fyrir Ávaxtabílinn sem útvistaði til okkar þeim hluta starfseminnar hjá sér, svo fátt eitt sé nefnt.

Það er um að gera fyrir fyrirtæki að hafa samband við okkur þegar tímafrek verkefni af þessu tagi koma upp. Við tökum við þeim með glöðu geði. Þetta skapar enn fleiri og fjölbreyttari störf fyrir fólk með skerta starfsorku á Múlalundi.“

Einfaldasta samfélagsverkefni fyrirtækja

Múlalundur hefur frá árinu 1959 verið rekinn af SÍBS með stuðningi Happraðttis SÍBS. Á Múlalundi hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri á vinnumarkaði. „Með því að versla við Múlalund og kaupa vörur og þjónustu af okkur, styrkja fyrirtæki enn fremur mikilvæga samfélagsstarfsemi. Hjá okkur starfa dugmiklir einstaklingar sem í kjölfar slyss eða heilsubrests hafa þurft að takast á við andlega eða líkamlega fötlun eða veikindi. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 8 tekur til þess að vinna skuli vera „í boði fyrir alla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk“.

Æskilegast er að samfélagsleg ábyrgð sé fléttuð inn í hefðbundna starfsemi fyrirtækja. Þegar fyrirtæki kaupa rekstrarvörur, dagbækur eða aðra þjónustu hafa þau val um að kaupa þær af Múlalundi vinnustofu SÍBS, og stuðla þannig að fjölbreyttum störfum fyrir fólk með skerta starfsorku. Við segjum stundum að það að panta vörur af Múlalundi sé einfaldasta samfélagsverkefnið. Þetta eru vörur sem þarf hvort eð er að kaupa inn og svo koma þær með sendibíl daginn eftir. Með því að versla við



Múlalund lætur fyrirtækið gott af sér leiða í leiðinni,“ segir Sigurður.

Varmá komin heim

„Það er ánægjulegt að bókaútgáfan Varmá, sem í upphafi var stofnuð í Mosfellsbæ og dregur nafn sitt af ánni okkar sem rennur hérna neðan við lóðina, sé nú aftur komið heim.

Við hlökkum til að þjónusta viðskiptavini Varmár sem munu hjálpa okkur að skapa mikilvæg störf á Múlalundi.“ ■

Á Múlalundi vinnustofu SÍBS er glæsileg verslun á lóð Reykjalandar í Mosfellsbæ. Hægt er að skoða úrvalið á mulalundur.is. Sími 562- 8500.

Sigurður Viktor (t.v.) og Brynjólfur Schram (t.h.) eru ánægðir með að nú renni Varmá inn í Múlalund sem hefur nú tekið við útgáfu og áletrun dagbókanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Störfin á Múlalundi eru sífellt að verða fjölbreyttari með nýjum verkefnum.

Starfsfólk Múlalundar sér um frágang pantana fyrir Ávaxtabílinn.



Bækurnar góðu þekkja margir enda afar vinsælar og fást í mörgum litum.

Aðgengileg og vel útfærð þjónusta hjá YAY

Framsæknir stjórnendur fyrirtækja og stofnana hafa tekið fyrirtækjajónustu YAY fagnandi.

Þrátt fyrir að hafa boðið upp á þjónustuna í aðeins rúmlega tvö og hálf ár á Íslandi hefur rúmlega 600.000 stafrænum gjöfum verið dreift og þær innleystar í gegn um YAY-kerfið. „Ástæðan fyrir þessari velgengni er einfaldlega sú að þetta er afar aðgengileg þjónusta, vel útfærð og einstök að svo mörgu leyti og sparar mikinn tíma fyrir stjórnendur og ekki síður viðtakendur,“ segir Sigríður Inga Svarfdal, sölu- og markaðsstjóri YAY. Hún segir það afar gefandi að eiga í samskiptum við framsækna stjórnendur fyrirtækja sem eru opnir fyrir nýjum og umhverfisvænni þjónustum og stöðugt að gleðja og hvetja starfsfólk sitt og viðskiptavinum.

Smáfyrirtæki jafnt sem Landspítalinn nota YAY

Sigríður segir að þjónustan hafi breytt miklu fyrir stjórnendur fyrirtækja eftir að þeir fóru að nota þjónustuna til að gleðja starfsfólk sitt og viðskiptavinum. „Það hefur verið mikill höfuðverkur fyrir fyrirtæki eins og til dæmis Landspítalinn að gefa og dreifa jólagjöfum síðustu ár og höfða til allra starfsmanna. En núna um síðustu jól breyttist það með tilkomu YAY sem var nýtt til að gefa og dreifa



Sigríður Inga Svarfdal segir það vera gefandi að eiga í samskiptum við framsækna stjórnendur fyrirtækja.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

”Ástæðan fyrir þessari velgengni er einfaldlega sú að þetta er afar aðgengileg þjónusta, vel útfærð og einstök að svo mörgu leyti og sparar mikinn tíma fyrir stjórnendur og ekki síður viðtakendur.

Sigríður Inga Svarfdal

Af 360.000 manna markaði yfir á 40 milljóna markað

Fyrirtækið og lausnir þess hafa vakið mikla athygli hér heima og ekki síður erlendis og hefur YAY meðal annars verið tilnefnt af UT Messunni sem Sproti ársins ásamt Sidekick Health og Hopp, hlotið styrki frá Rannís og var valið fyrst íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegt Lighthouse-verkefni Mastercard sem telst mikil viðurkenning á sviði fjártækni og vekur mikla athygli víða um heim. Mörg af verðmætustu sprotafyrirtækjum heims á sviði fjártækni hafa verið valin í þetta merka verkefni ár hvert og nú er svo komið að erlendir aðilar vilja opna YAY í öðrum löndum og markaðssvæðum. Samningur við aðila í Kanada hefur verið undirritaður og undirbúningur fyrir opnun þar er í fullum gangi ásamt því að fyrsti markaðurinn innan Evrópu er innan seilingar. ■

Nánari upplýsingar um YAY er að finna á vefsíðunni yay.is.


YAY fyrir tíma stjórnenda, þörfum starfsmanna og umhverfinu

Stafræn gjöf sem hentar öllum og minnir eigendur gjafabréfana á sig. Alltaf með í símanum.



Umhverfisvænt
Ekkert plast
eða pappír.

Hafðu samband
við fyrirtækja-
þjónustu YAY
info@yay.is



Engin pökkunar- eða sendingarkostnaður

Stafrænt, umhverfisvænt og engin framleiðsla.



Fyrirtækið velur upphæð og ...

Starfsmaðurinn velur gjöfina úr fjölda möguleika.



Tímasparnaður og engin umsýsla

Tími gefenda og viðtakenda er verðmætur.



Gildir hjá 200+ samstarfsaðilum YAY

Opíð gjafabréf gildir hjá öllum samstarfsaðilum YAY.



Persónuleg kveðja með texta eða myndbandi

Gerir upplifunina enn eftirminnilegri.



Öryggi og vernd gjafabréfa YAY

Alltaf með þér í símanum og glatast því ekki.



Leiðtogafærni

Develope Your Leadership Potential

Nýtt námskeið sem er sérstaklega hugsað fyrir leiðtoga til að hjálpa þeim að efla sig í leiðtogahlutverkinu með áherslu á sjálfsvitund og frumkvæði. Í dag þurfa leiðtogar að hafa mikla hæfni í samskiptum, vera umhugað um samstarfsfólk, vera hvetjandi og sýna þrautseigju.

Námskeiðið hentar stjórnendum, verðandi stjórnendum, teymisstjórum og sérfræðinum. Öflugt sjálfsmat fylgir þjálfuninni. Námskeiðið er í 8 til 10 skipti eftir útfærslu. Niðurgreitt og viðurkennt af starfsmenntasjóðum.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 555 7080 eða á dale.is



Staðbundin námskeið:

Áhrifaríkar kynningar	6. okt.
Árangursrík sala	25. okt.
Dale Carnegie kvöldnámskeið	19. sept.
Dale Carnegie morgunnámskeið	19. okt.
Dale Carnegie 3ja daga	7. okt.
Dale Carnegie á Akureyri	11. okt.
Dale fyrir 20 til 25 ára	22. sept.
Leiðtogafærni	6. okt.
Leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur	17. okt

Hefst:



Live Online námskeið:

Dale Carnegie kvöldnámskeið	29. sept.
Árangursrík sala	2. nóv.
Leiðtogafærni	18. okt.

Hefst:

Live Online fjarþjálfun á sér stað í rauntíma. Þú tekur virkan þátt, leysir verkefni og kynnist fólki. Þjálfararnir eru tveir og annar aðstoðar þig við tæknimálin allt námskeiðið. Nánar á dale.is

Rannsóknarfyrirtækið Training Industry sem er leiðandi á heimsvísu hefur ítrekað valið Dale Carnegie sem eitt af 20 bestu þjálfunarfyrirtækjum í heimi.





Gómsætt salat sem gleður á löngum vinnudegi.

Ljúfur biti fyrir lúið starfsfólk

starri@frettabladid.is

Góður aukabiti gleður flest starfsfólk á löngum og erfiðum vinnudegi. Hér er uppskrift að einföldu en ljúffengu túnfisksalati sem tekur enga stund að gera.

Túnfisksalat

- [1 dós af túnfiski í olíu](#)
- [½ bolli kotasæla](#)
- [2 msk. majónes](#)
- [¼ bolli smátt skorinn rauðlaukur](#)
- [1 selleristöngull, smátt skorinn](#)
- [1 msk. capers](#)
- [1 msk. sítrónusafi](#)
- [1-2 tsk. af söxuðu fersku dilli](#)
- [2 msk. söxuð fersk steinselja](#)
- [1 tsk. Dijon-sinnep](#)

Blandið saman í skál túnfiski (hell-ið smá af oliunni), kotasælu, majónesi, rauðlauk og sellerii. Hrærið saman og bætið svo sítrónusafa, capers, dilli, steinselju og sinnepi við og hrærið vel saman.

Salatið er frábært með góðu brauði, hrökkbrauði eða kexi. Einnig er salatið gott með þykkum agúrkusneiðum og tómatsneiðum. ■



Velliðan á vinnustað er mikilvæg.

Góð ráð við vinnustöðvar

Atvinnurekendum ber að tryggja að aðbúnaður starfsfólks sé heilsusamlegur og öruggur og starfsfólki ber að taka þátt í að stuðla að eigin öryggi og heilsu við störf sín.

Takið stutt hlé reglulega, gjarnan fjarri vinnustöðinni.

Ekki sitja í sömu stöðu við tölvuna í langan tíma og breytið um líkamsstöðu eins oft og mögulegt er.

Gangið úr skugga um að mús og lyklaborð séu þægilega staðsett þannig að ekki þurfi að vinna með handleggi langt frá líkamanum.

Gangið úr skugga um að lýsing á vinnustöðinni sé alltaf nægileg og taki mið af dagsbirtu eftir árstíðum.

Æskilegt er að vinnuborð sé auðstillanlegt svo fljótlegt sé að aðlaga hæð þess starfsfólki. Vinnuhæð skal miðast við að hægt sé að vinna með beint bak og slakar axlir. Röng vinnuhæð getur valdið óþarfa álagi á herðar, handleggi og úlnliði. ■

HEIMILD: VINNUEFIRLITID.IS

Nudd á vinnutíma dregur úr streitu

sandragudrun@frettabladid.is

Margir vinnustaðir eru farnir að taka upp á því að bjóða starfsfólki sínu nudd á vinnutíma, oft því að kostnaðarlausu eða á sérstökum tilboðskjörum. Þegar fólk situr fyrir framan tölvu allan daginn verður það oft stift í baki og öxlum sem getur valdið vöðvabólgu og jafnvel höfuðverk. Að bjóða upp á nudd á vinnutíma gerir það að verkum að fleira starfsfólk

gefur sér tíma til fara í nudd og þannig fyrirbyggja vöðvabólgu, eða fá lausn við vöðvabólgu sem nú þegar er til staðar. Nudd er slakandi og getur dregið úr streitu og eymslum. Minni streita þýðir hamingjusamara starfsfólk sem leiðir af sér betri anda á vinnustaðnum. Það er því til mikils að vinna fyrir stjórnendur vinnustaða að bjóða starfsfólki sínu upp á nudd frá viðurkenndum nuddara á vinnustaðnum. ■



Að fá nudd á vinnutíma dregur úr streitu.

FRÉTTABLAÐID/
GETTY

Hvað er að fréttar?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á

frettabladid.is. Innlendar og erlendar fréttir,

léttar fréttir, íþróttaréttir, viðskiptaréttir,

skoðanapistla, spottið og auðvitað blað

dagsins ásamt eldri blöðum.



Skannaðu kóðann

frettabladid.is

